

**AUGLÝSING**

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum, sbr. reglugerð nr. 81 frá 2. september 1965.

Forseti Íslands féllst hinn 22. júní 1968 á tillögu menntamálaráðherra um eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum, sbr. reglugerð nr. 81 frá 2. september 1965:

## 1. gr.

1. 52. gr. I., síðari málslíður fyrri málsgreinar, orðist svo: „Undanþegnir eru þó prófi þessu þeir stúdentar, sem lokið hafa fyrri hluta uppeldisfræða, sbr. 55. gr. a., svo og stúdentar í verkfræði.“
2. Aftan við 1. tölulið 55. gr. a. bætist: „Rökfræði.“
3. Aftan við 2. tölulið sömu greinar bætist: „Sálarfræði námsins.“

## 2. gr.

52. gr. III. orðist svo:

„III. **Próf í latínu.** Skyldir að taka þetta próf eru allir þeir stúdentar í heimspeki-deild, sem ekki hafa lokið þriggja ára námi í latínu í menntaskóla með minnst fjögurra vikustunda námi hvern vetur eða sama heildarstundafjölda á skemmri tíma. Stúdent er skylt að hafa lokið þessu prófi, áður en hann lýkur þriðja stigs prófi í grein samkv. 53. gr. I. Prófið er aðeins skriflegt.“

## 3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 22. júní 1968.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*